

3 Svefnherbergi Þakíbúð - Penthouse in Villamartin

Ref: P035

**Húsið er
Selt**



Tegund eignar : Þakíbúð -
Penthouse

Bæjarfélag / Hverfi :
Villamartin

Izóna : Costa Blanca Sur

Svefnherbergi : 3

Baðherbergi : 2

Byggingarár : 2020

Sundlaug : Í sameign

Garður : Í sameign

Eignin snýr : til austurs

Útsýni : Golfvöllur

Bílastæði : Bílskúr

Fermetra stærð eignar : 83,7 m²

Stærð verandar : 97,5 m²

Flugvöllur : 45 min

Strönd : 10 min

Borg : 10 min

Golf : 4 min

✓ Geymsla

✓ Bílskúr

✓ Öryggiskerfi

✓ Heimilistæki

✓ Miðstöðvarkynding

✓ Innbyggð loftkæling

Tilbúin til afhendingar!

Þessari glæsilegu 3 svefnherbergja, 2 baðherbergja og tæplega 84m² þakíbúð, fylgir jafnframt einkabílastæði og 97,5 m² sólarþak þaðan sem hægt er að njóta óviðjafnanlegs útsýnis. Eignin er staðsett í yndislegu hverfi, og í íbúðarþyrpingu þar sem hugað er að hverju smáatriði, þar sem sameiginlegt sundlaugasvæði og fagurlega gróinn garður eru sannkölluð augnayndi.

Skammt frá er 18 holu golfvöllurinn Villamartin, þar sem njóta má óviðjafnanlegs útsýnis hvort sem er við að iðka golf íþróttina eða tylla sér á fallegan útsýnisbar og njóta þess að hlusta á fagurlitaða páfagaukana kvaka allan ársins hring. Golfvöllurinn sem að hverfið er jú nefnt eftir er inni í miðri íbúðarbyggð þar sem fagurgrænar golfbrautir og mikilfenglegt skólendi mynda einstakt umhverfi í göngufæri við nærliggjandi íbúðarkjarna og alla almenna þjónustu. Stutt er jafnframt að röltu til verslunarmiðstöðvarinnar La Fuente þar sem er að finna mikið úrval veitingastaða og bara, auk apóteks og matvöruverslunarinnar ALDI svo eitthvað sé nefnt, eða innan við 5 mínútur.

Fyrir náttúru unnendur er jafnframt vinsælt að labba eða hjóla eftir vatnssíkinu "el canal" sem liggur sem landamerki upp við íbúðabyggð Villamartin hverfisins, en þar er að finna mikið fuglalíf og hægt að fara í skemmtilegar göngu- eða hjólaferðir meðfram skurðinum til nærliggjandi bæja, án þess að fara út á götu og alltaf umlukin fallegri náttúru.

Auk þess er Zenia Boulevard verslunarmiðstöðin skammt frá, þar sem þín bíður mikið úrval verslana í yfir 80.000 m² verslunarhúsnæði, að ógleymdir heilbrigðisþjónustu hins margrómaða Torrevieja spítala sem er í 15 mínútna ökuferlæggð að heiman. Og fyrir sólarunnendur þá ertu í einungis nokkura mínútna ökuferlæggð frá kílómetra löngum breiðum af fín sendnum ströndum sem hafa fengið vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans.

Hafðu samband til að fá frekari upplýsingar!

